

Fyrsti fundur Delta deildar, starfsárið 2008-2009, var haldinn í Menntaskólanum í Borgarnesi, þann 7. október og hófst fundurinn kl 17.

Formaður, Ingibjörg Adda Konráðsdóttir, bauð félagskonur velkomnar og kynnti fyrsta dagskrárlið.

1. Lilja Ólafsdóttir aðstoðarskólameistari tók á móti okkur og sagði okkur frá tildrögum hins nýja Menntaskóla og fræddi okkur um það nám sem þar er í boði. Starf skólans er sniðið að nýjum væntanlegum lögum um framhaldsskóla. Að lokinni kynningu, sem var mjög áhugaverð, sýndi Lilja okkur húsakynni skólans, þar sem glæsilegur atkitektúr fær notið sín. Skólin hóf göngu sína haustið 2007 og er áfangaskóli sem byggir jafnt á dreif- og staðnámi. Húsnæði skólans á einnig að nýtast sem menningarhús.
2. Formaður setti fundinn og Hildur Þorsteinsdóttir kveikti á kertunum. Fundarritari las fundargerð síðasta fundar.
3. Ein kynning var eftir frá síðasta starfsári, en það var kynning á styrkjum sem eru í boði hjá DKG-samtökunum. Þórunn Reykdal flutti kynninguna, en auk hennar komu Ingibjörg Adda og Inga Stefánsdóttir að gerð hennar. Það er greinilegt að konur geta sótt um ýmsa námsstyrki og eru félagskonur hvattar til að kynna sér vel hvað er í boði.
4. Orð til umhugsunar var í umsjón Soffíu Sigurjónsdóttur. Hún sagði okkur frá listamanninum Guttormi Jónssyni á Akranesi. Gutti eins og hann er að jafnaði kallaður, starfar á Byggðasafninu að Görðum, vinnur alltaf jafn og þétt að list sinni. Hann er m.a. einn þeirra listamanna sem komu að listsýningu í Jafnarskarðsskógi, sem Menningarráð Vesturlands hafði veg og vanda af s.l. sumar. Verk hans eru víða, svo sem Kubbaleikur sem er við Grundaskóla og í ýmsum stofnunum á Akranesi. Gutti vinnur skúlptúra í tré og stein. Skemmtileg og fræðandi frásögn um hæfileikaríkan listamann, sem lætur ekki mikið fara fyrir sér.
5. Formaður skýrði frá því að hún og Elísabet fóru á fund framkvæmdaráðs í ágúst s.l. Tilmæli eru til deilda að setja efni á vefsíðu samtakanna og hefur stjórnin tilnefnt Ingu Stefánsdóttur til að sjá um það fyrir hönd stjórnarinnar. Vefsíða samtakanna er <http://dkg.muna.is/>. Vefstjóri síðunnar er Eygló Björnsdóttir Betadeild.
6. Stjórnin hefur ákveðið að mynda hringihópa. Hver stjórnarkona fylgist með sínum “hóp” og hefur samband símleiðis, ef viðkomandi félagskona svarar ekki tölvupósti.

7. Matur var snæddur í veitingahúsinu Vinakaffi, sjávarréttasúpa eða kjötsúpa.
Happdrættið var á sínum stað og sú heppna var Inga Stefánsdóttir. Fundi slitið um kl.
20.30 og konur héldu heim á leið eftir ánægjulega samveru.

Fundaritari Halldóra Jónsdóttir